



7. tölublað, 12. árgangur - desember 2013



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGOÐINN

BJART LJÓSIÐ

*Bjart ljósið upp bæinn lýsir,
með loganum kertum frá.
Og hugurinn okkar hýsir,
þá hjartnæmu von og þrá.*

*Í funheitum barna höndum,
bjart ljósið til himins skín.
Loks hátíð í mörgum löndum,
með lofgjörð til þín og mín.*

*Með gleði öll börnin syngja,
á göngu um byggð og ból.
Þá hátíðar hljómar klingja
og boð' okkur heilög jól.*

*Og sagan með boðskap björtum,
er segjum, þá ljómar bær.
Um kærleik í heimsins hjörtum,
og hátíð sem er oss kær.*

*Bjart ljósið upp bæinn lýsir,
sit logandi kerti við.
Því hjarta okkar alltaf hýsir,
hér vonina um gleði og frið.*

Ljóðið samdi Leifur S. Garðarsson, skólastjóri, sem texta við norskt jólalag, *Det lyser í stille grender*.

Lagið er eitt laga sem skólakórinn okkar syngur á Syngjandi jólum í Hafnarborg um helgina. Kórinn okkar stígur á svið í Hafnarborg á laugardaginn kl. 13.20.

Gleðileg jól og farsælt nýtt ár

HUGSAÐ TIL ÞEIRRA SEM MINNA MEGA SÍN

Í tengslum við jólahald í skólum eru pakkaleikir á stofujólum gjarnan eitt atriðanna.

Við í Áslandsskóla höfum haft þann sið undanfarin átta skólaár, að hver nemandi og hver starfsmaður mæti með lokað umslag [með frjálsu framlagi](#) [mánudaginn 16. desember](#).


Nemendur afhenda umsjónarkennara sitt umslag.

Þessi hugsun okkar tengist einni af hornstoðunum fjórum, þjónustu við samfélagið.

Fjármunum verður síðan safnað saman og afhentir fulltrúa Mæðrastyrksnefndar Hafnarfjarðar á sal skólans föstudaginn 20. desember kl. 12.50.

JÓLASKEMMTANIR Í ÁSLANDSSKÓLA 2013

Árgangur	Litlu jól á sal FÖSTUDAGINN 20.12.2013	Stofujól í heimastofu FÖSTUDAGINN 20.12.2013
1. bekkur	9:00-9:55	8:10-9:00
2. bekkur	8:10-9:00	9:00-10:00
3. bekkur	10:00-10:50	9:10-10:00
4. bekkur	11:00-11:50	10:00-11:00
5. bekkur	12:00-12:50	11:10-12:00
6. bekkur	Miðvikudag 19.12. með Tjarnarási kl 9:50-10:50	11:10-12:30
7. bekkur	18.12.2013 / kl.17:00-19:00	10:00-11:30
8. bekkur	Stofujól 19.12.2013 / kl 18.00-19.00 Jólaball 19.12.2013 / kl. 19:00-22:00	
9. bekkur	Stofujól 19.12.2013 / kl 18.00-19.00 Jólaball 19.12.2013 / kl. 19:00-22:00	
10. bekkur	Stofujól 19.12.2013 / kl 18.00-19.00 Jólaball 19.12.2013 / kl. 19:00-22:00	



JÓLAÞORPIÐ OKKAR Í HELLISGERÐI

Öll þekjum við jólaþorpið í miðbæ Hafnarfjarðar. Bæjarstjórinn okkar, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, fékk þá hugmynd að útvíkka aðeins það form og í ár var þess farið á leit að skólarnir hönnuðu verkefni sem yrðu sett upp í Hellisgerði.

Skólastjórnendur settu verkefnið í hendur 6. bekkja kennara. Í Áslandsskóla var farin sú leið að mála mismunandi jólasveinahús.

Föstudaginn 29. nóvember fórum við síðan með húsin upp í Hellisgerði, komum þeim vandlega fyrir ásamt því að við hittum aðra 6. bekkinga úr Hafnarfirði og fengum kakó og súkkulaðibitakex.

Verkefnið tókst vel og voru nemendur ánægðir með uppbrot á kennslunni.

Ætlunin er að tengja Hellisgerði og Jólaþorpið á Thorsplani betur saman og eru 6. bekkja verkefnið liður í því.



MYNDIR FRÁ FULLVELDISRATLEIK



Kríuási 1
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGÓÐINN
Fréttablað Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:
Leifur S. Garðarsson
skólastjóri